

ALMENNIR VIÐSKIPTASKILMÁLAR ADVANIA EHF.**Inngangur að almennum viðskiptaskilmálum Advania ehf. („Advania“).**

Hér á eftir fara almennir viðskiptaskilmálar Advania, sem gilda skulu um viðskipta- og samningskjör Advania hf. og dótturfélaga þess á hverjum tíma fyrir sig.

Advania áskilur sér einhliða rétt til að breyta viðskiptaskilmálum þessum og munu breytingar verða tilkynntar með 30 daga fyrirvara.

Viðskiptaskilmálar þessir taka gildi 17. apríl 2017.

1. Skilgreiningar

Almennir viðskiptaskilmálar eru viðskiptaskilmálar þessir.

Búnaður er samheiti fyrir hvers kyns vél- og hugbúnað.

Birgi er hver sá aðili sem selur Advania vörur sem ætlaðar eru til endursölu af hálfu Advania.

EULA þýðir „End User License Agreement“ en um er að ræða viðskiptaskilmála birgja eða framleiðanda við endanlega kaupanda vöru.

Framleiðandi er hver sá aðili sem framleiðir vörur sem Advania hefur til endursölu.

Hugbúnaður er samheiti yfir hvers konar setningar, skipanir og forrit í véllesanlegu eða prentuðu formi sem líta að notkun gagnavinnsluferfa auk tilheyrandi skjölunar s.s. tæknilýsinga, handbóka, kennsluefnis og leiðbeininga.

Leyfisgjald er gjald fyrir nýjaleyfi til notkunar á tilteknum hugbúnaði.

Nýjaleyfi er leyfi til notkunar á tilteknum hugbúnaði í samræmi við skilmála samnings.

Samningur er samheiti fyrir hvers konar samning sem gerður er á milli Advania og viðskiptavinar.

Samningsviðaukar eru viðaukar gerðir við einstaka samninga.

Sértækir viðskiptaskilmálar eru viðskiptaskilmálar um einstakar vörur eða þjónustur í boði hjá Advania.

SPLA þýðir „Service Provider License Agreement“ en um er að ræða viðskiptaskilmála birgja eða framleiðanda við endanlegan eiganda búnaðar.

Staðlaður hugbúnaður er fjöldaframleiddur hugbúnaður án séráðlögunar.

Uppfærslugjald er verð fyrir rétt til uppfærslna á hugbúnaði samkvæmt nánar tilgreindum skilyrðum samnings.

Uppfærsluréttur þýðir leyfi til að nota uppfærslur og nýjar útgáfur af hugbúnaði í samræmi við skilmála samnings.

Vara er samheiti fyrir hvers kyns hugbúnað, vélbúnað eða aðra vörutegund sem Advania selur.

Vélbúnaður eru hvers kyns tæki sem notuð eru til gagnavinnslu og annarra skyldra nota.

Viðskiptaskilmálar er samheiti fyrir almenna og sértæka viðskiptaskilmála Advania.

Þjónusta getur verið af hvaða tagi sem er og veitt af Advania til viðskiptavinar á grundvelli samnings á milli aðila.

Þjónustugjald er gjald fyrir þjónustu sem veitt er samkvæmt sérstökum þjónustusamningi.

2. Gildissvið

Undir viðskiptaskilmála þessa falla öll viðskipti og samningar Advania og dótturfélaga, þar á meðal tilboð, við þriðja aðila um kaup á vöru og þjónustu, nema um annað sé samið með skriflegum hætti.

Sértækir viðskiptaskilmálar á tilteknum sviðum geta einnig átt við um viðskipti og samninga Advania og dótturfélaga þess við þriðja aðila um kaup á vöru og þjónustu.

Viðskiptaskilmálarnir eru ófrávíkjanlegir og gilda um öll þau atriði sem fram í þeim koma, nema sérstaklega sé um þau samið með skriflegum hætti. Skulu allar breytingar á samningskjöllum vera skriflegar og undirritaðar. Frávik frá viðskiptaskilmálanum teljast ekki samþykkt af hálfu Advania fyrr en undirritað samþykki Advania liggur fyrir.

Um kaup einstaklinga utan atvinnurekstrar á hvers kyns vöru og/eða þjónustu gilda lög um neytendakaup nr. 48/2003 og lög um þjónustukaup

nr. 42/2000, ef ákvæði þeirra laga eru slíkum aðilum hagstæðari en þessir viðskiptaskilmálar kveða á um.

Kaup á hvers kyns vöru eru almennt háð lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, þar sem ákvæðum þessara skilmála, samningi eða viðskiptavenju milli aðila sleppir.

3. Samningur

Samningur telst kominn á þegar samningur, samningsviðauki eða eftir atvikum tilboð hefur verið undirritað(ur) eða eftir atvikum samþykkt(ur) skriflega af báðum aðilum með öðrum hætti, til dæmis með samþykki á tilboði í tölvupósti.

3.1. Gildistími tilboðs

Advania ákveður gildistíma tilboðs og telst ekki bundið af tilboði hafi það ekki verið samþykkt af viðskiptavini með formlegum hætti (þar á meðal með samþykki í tölvupósti) innan gildistíma þess.

3.2. Gildistími samninga

Ef ekki er kveðið á um gildistíma samnings í samningi á milli aðila, skal samningur gilda í 12 mánuði og vera óuppsagianlegur á þeim tíma. Að þeim tíma liðnum skal samningur framlengjast um ár í senn, en vera uppsagianlegur hvenær sem er á þeim tíma í samræmi við ákvæði 3.3 í þessum skilmálum.

3.3. Uppsagnarfrestur

Ef ekki er kveðið á um uppsagnarfrest samninga í samningi á milli aðila, skal uppsagnarfrestur samnings vera 3 mánuðir. Uppsögn tekur gildi um mánaðarmót eftir að hún berst og byrjar þá uppsagnarfrestur að líða. Uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

3.4. Misræmi í skilmálum

Ákvæði sértækra viðskiptaskilmála, samninga og samþyktra tilboða skulu ganga framir almennum viðskiptaskilmálum þessum.

3.5. Netviðskipti

Rafrænn fjarsölusamningur er jafngildur skriflegum samningi en kaupandi hefur þó rétt til að falla frá kaupnum, án kostnaðar, í allt að fjórtán daga frá móttöku vörunnar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- Vörunni sé skilað til Advania;
- innsigli á vöru má ekki vera rofið;
- varan sé óskemmd og í upprunalegum umbúðum; og
- að ekki sé um sérþöntun eða sérsníðna vöru að ræða;

Við vörusölu vegna netviðskipta ber viðskiptavinur ábyrgð á sendingarkostnaði.

Við vöruskiel er allur sendingarkostnaður á ábyrgð kaupanda og greiðist alfarið af honum. Þegar sendingarkostnaður er innfallinn í verði vöru á reikningi dregst sendingarkostnaður frá við endurgreiðslu skv. verðskrá Íslandspósts. Ef vara er endursend til Advania skal viðskiptavinur nota upprunalegar umbúðir eða aðrar fullnægjandi umbúðir til að tryggja að varan skemmist ekki í flutningum. Einnig skal viðskiptavinur tryggja vöruna gegn flutningsskemmdum ef unnt er. Viðskiptavinur ber ábyrgð á vörunni frá því hún er send og þar til Advania hefur móttekið hana, þ.m.t. skemmdum, hvarfi vörunnar eða eyðileggingar hennar.

4. Endurgjald og greiðsluskilmálar**4.1. Gjaldtaka**

Um endurgjald fyrir vöru og/eða þjónustu skal fara eftir gildandi gjaldskrá fyrir hverja vöru/og eða þjónustu Advania á hverjum tíma, nema um annað sé samið sérstaklega.

4.2. Staðgreiðsla

Vörur og/eða þjónustu skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið sérstaklega. Annar greiðslumáti en samkvæmt greiðsluseðlum eða reikningi telst ófullnægjandi.

4.3. Greiðslukortaviðskipti

Hafi verið samið um greiðslur með greiðslukorti skal kaupandi tilgreina greiðslukort sem nota skal til að gjaldfæra fyrir mánaðarlegum gjöldum í samræmi við gjaldskrá hverju sinni.

Ef ekki tekst að gjaldfæra á kreditkort útstandandi gjöld á eindaga öðlast seljandi rétt til að senda kaupanda greiðsluseðil fyrir útstandandi gjöldum. Við slík vanskil reiknast dráttarvextir frá eindaga til greiðsludags.

4.4. Reikningsviðskipti

Hafi verið samið um annan greiðslumáta en staðgreiðslu eða greiðslu með greiðslukorti skal Advania senda út reikning fyrir selda vöru og/öð þjónustu. Reikningar frá Advania skulu vera sundurliðaðir og eftir atvikum studdir fylgiskjöllum til þess að unnt sé að sannreyna þá. Gjaldldagi reiknings er fjórtán dögum eftir útgáfu reiknings og eindagi sex dögum eftir gjaldldaga. Reiknast dráttarvextir á reikninga sem greiddir eru eftir eindaga í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Við vanskil reikninga reiknast dráttarvextir frá eindaga til greiðsludags.

Athugasemdir vegna útgefna reikninga skulu berast fjármálasviði Advania innan 30 daga frá útgáfudegi reiknings. Verði ágreiningur um fjárhæð reiknings er viðskiptamanni einungis heimilt að bíða með greiðslu á þeirri fjárhæð sem raunverulegur ágreiningur er um.

4.5. Aukaverk

Aukaverk teljast öll verk sem ekki falla innan samnings. Slík verk eru háð sérstöku samkomulagi á milli aðila og eru reikningsfærð sérstaklega samkvæmt tímagjaldi. Fyrir slíka vinnu skal greitt samkvæmt gjaldskrá Advania eins og hún er á hverjum tíma, nema um annað hafi verið samið í samningi. Ef nauðsynlegt er skal Advania vera heimilt að grípa til aðgerða til varnar tjóni fyrir viðskiptavin án samþykkis hans og skal farið með slíkar aðgerðir sem aukaverk. Óski viðskiptavinnur eftir úttekt á þeim kerfum sem Advania hefur í rekstri, verkefnum sem Advania vinnur eða þjónustu sem Advania veitir skal greitt fyrir slíka vinnu samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni.

4.6. Ferðakostnaður og útlagður kostnaður

Sé viðskiptavinur staðsettur utan höfuðborgarsvæðisins, skal hann greiða Advania ferðakostnað og upphald sérstaklega, nema um annað sé samið. Slíkur kostnaður skal reikningsfærður eftir gjaldskrá Advania.

Viðskiptavinur skal greiða útlagðan kostnað sem Advania hefur stofnað til í þágu viðskiptavinnur.

4.7. Breytingar á gjaldskrá og umsómdum gjöldum

Advania áskilur sér einhliða rétt til að endurskoða þjónustugjöld, uppfærslugjöld og leysisgjöld á grundvelli eftirfarandi þátta, nema um annað sé samið á milli aðila. Slíkar breytingar geta haft áhrif á mánaðarleg gjöld samnings:

- Mánaðarleg gjald vegna endursölu á hugbúnaði eða annarri vöru eða þjónustu sem keypt er beint af birgja á samningstíma og tilgreint er í verðtilboði endurskoðast reglulega gagnvart:
 - gengi þess gjaldmiðils sem innkaup eiga sér stað í og
 - breytingum á gjaldskrá hlutaðeigandi birgis.
- Almenn gjaldskrá vegna vinnu sérfræðinga er endurskoðuð reglulega með tilliti til breytinga á kostnaði Advania við að þjónusta viðskiptavinnu.
- Önnur gjöld eru uppfærð reglulega samkvæmt breytingum á neysluverðsvísitölu. Ef grunnildis vísitölunnar er ekki getið í samningi, skal miðað við grunnildi hennar þann dag sem samningur var undirritaður á milli aðila.

Afsláttarkjör viðskiptavinnur breytast ekki nema með samkomulagi beggja samningsaðila.

5. Áhættuskipti

Áhætta vegna búnaðar flyst frá Advania til viðskiptavinnur við afhendingu eða á uppsetningardeg, ef samið hefur verið við Advania um uppsetningu búnaðar. Búnaður telst afhentur um leið og viðskiptavinur hefur veitt honum viðtöku. Viðskiptavinur ber áhættu af búnaði um leið og hann hefur veitt honum viðtöku. Veiti viðskiptavinur búnaði ekki viðtöku eða vitjar hans vegna atvika er hann varða, flyst áhætta vegna búnaðarinnar yfir á viðskiptavin um leið og móttaka var möguleg.

6. Sala á þjónustu

6.1. Verksamningar

Verksamningar gilda á meðan að vinnslu verkefnis stendur. Verksamningur er óuppsagjanlegur á samningstímabili nema ákvæði um riftun eigi við eða aðilar hafi sérstaklega samið um annað. Gjald fyrir verksamninga skal vera samningsatriði hverju sinni og koma fram í grunnsamningi, samningsviðauka eða eftir atvikum tilboði.

6.2. Þjónustusamningar og þjónustustigssamningar

Þjónustusamningar og þjónustustigssamningar eru samningar sem gerðir eru á milli Advania og viðskiptavinnur um tiltekna þjónustu af hálfu Advania. Slíkir samningar geta ýmist verið séraðlagðir fyrir viðskiptavin eða staðlaðir fyrir ákveðna þjónustu eða vöru. Ákvæði þessara samninga innihalda markmið um ákveðið þjónustustig en ekki loforð, nema slíkt sé sérstaklega tekið fram í samningnum.

Hvor samningsaðili um sig ber ábyrgð á störfum starfsmanna sinna, er koma að framkvæmd þjónustustigssamninga og þjónustustigssamninga. Advania getur að eigin vali ráðstafað starfsmönnum sínu til að veita þjónustu samkvæmt samningnum eða fengið til þess undirverttaka eða starfsmenn þriðja aðila. Gerð samnings stendur ekki í vegi fyrir því að Advania eða undirverttakar þess leysi af hendi hlíðstæð þjónustuverkefni fyrir aðra aðila.

6.3. Ábyrgðarþjónusta

Advania veitir ábyrgðarþjónustu í samræmi við ákvæði viðskiptaskilmála, laga um lausafjárkaup, laga um þjónustukaup, laga um neytendakaup og eftir atvikum í samræmi við söluskilmála birgja eða framleiðanda.

7. Hýsingarþjónusta

Samningur um hýsingu er samningur sem gerður er á milli Advania og viðskiptamanns um hýsingu á vélbúnaði, rafrænum gögnum og eftir atvikum rekstur á upplýsingatæknikerfum.

7.1. Lögmæti hýstra gagna

Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að gögn sem Advania hýsir fyrir viðskiptavin brjóti ekki gegn ákvæðum þessara skilmála, lögum eða réttindum annarra. Komi til slíkra brota getur Advania gripið til aðgerða sem heimilaðar eru lögum samkvæmt eins og t.d. að fjarlægja eða hindra aðgang að gögnum sbr. 14. gr. laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

7.2. Óheimilar aðgerðir

Það er með öllu óheimilt að nota, hvetja til, auglýsa, hafa milligöngu um eða leiðbeina öðrum að nota þjónustuna í hvers kyns ólögmætum, skaðlegum tilgangi eða tilgangi sem brýtur gegn almennu velsæmi. Þá er óheimilt að miðla, vista eða varðveita, sýna, dreifa eða með einhverjum öðrum hætti gera aðgengilegt efni sem er ólöglegt, skaðlegt, eða brýtur gegn almennu velsæmi eða réttindum annarra.

Eftirfarandi aðgerðir eru með öllu óheimilar:

- Að trufla notkun annarra notenda sem nýta sér þjónustuna, gera eitthvað sem veldur óeðlilega miklu álagi á þjónustuna og tölvukerfið eða truflar eðlilegt aðgengi annarra notenda að þjónustunni.
- Að trufla, skerða eða á nokkurn hátt hafa áhrif á notkun annarra viðskiptavinnur með hvers kyns aðferðum, þar á meðal en ekki takmarkað við aðgerðir eins og óumbeðin fjöldadreifing á upplýsingum, hvers konar netarárásir, vefskrið (e. crawling) og skönnun þjóna og netumhverfa, dreifingu og notkun sjálfvirkis hugbúnaðar, forrita eða annars konar sjálfvirkra aðferða (s.s. spilliforrita eða veiru) í þeim tilgangi að fá óheimilan aðgang að umhverfi Advania eða viðskiptavinnur Advania.
- Að villa á sér heimildir í samskiptum, hvort sem um er að ræða tölvupóstsamskipti eða annars konar samskipti.
- Að reyna á nokkurn hátt að sækja, birta eða greina (e. reverse engineer) á annan hátt undirliggjandi forritskóða (e. source code) út frá þeim hugbúnaði sem er notaður er í kerfum Advania. Ef notandi fær að öðrum ástæðum aðgang að undirliggjandi forritunarkóða, s.s. vegna bilunar þá ber honum að tilkynna slíkt án tafar á netfangið advania@advania.is.
- Að trufla, skerða eða á nokkurn hátt nýta þjónustuna með þeim hætti að slík notkun hafi skaðleg áhrif á Advania, viðskiptahagsmunni Advania, umhverfi, búnað og kerfi Advania eða truflar kerfisrekstur Advania og eftir atvikum viðskiptavinnur félagsins.

Advania áskilur sér rétt til að ákvarða hvort tiltekin samskipti teljast brjóta í bága við framangreindar reglur.

8. Sala á hugbúnaði

8.1. Nýting hugbúnaðar

Um sölu og nýtingu á hugbúnaði kunna eftir atvikum að gilda sérstakir notendaskilmálar Advania eða framleiðanda hugbúnaðarins. Í sölu á hugbúnaði felst einungis réttur til notkunar á hugbúnaðinum en ekki eignaréttur.

Viðskiptavini er með öllu óheimilt að framselja hugbúnað með nokkrum hætti, afrita hugbúnað, leyfa fleiri notendum afnot af hugbúnaðinum en samningur kveður á um, breyta eða fela öðrum að breyta hugbúnaðinum, brjóta niður hugbúnaðinn (e. reverse engineering of software), fjarlægja forrit úr hugbúnaðinum eða taka hann í sundur nema lög heimili annað eða Advania veiti skriflegt samþykki sitt fyrir slíku.

8.2. Nýtjaleyfi

Með samningi um kaup á nýtjaleyfi veitir Advania viðskiptavini leyfi til að nýta hugbúnað fyrir tilgreindan fjölda notenda í tiltekinn tíma fyrir tiltekna tegund/fjölda af vélbúnaði og er viðskiptavini einungis heimilt nota hugbúnaðinn á þeim vélbúnaði og í þeim mæli sem kveðið er á um í samningi á milli aðila.

Viðskiptavinur greiðir leyfisgjald vegna nýtjaleyfa er byggir á þeim réttindum eða þjónustupáttum sem tilgreindir eru í samningi, þ.m.t. uppfærslugjald og gjald fyrir uppsetningu búnaðar. Leyfisgjöld eru háð breytingum í samræmi við ákvæði 4.6 í viðskiptaskilmálum þessum, nema um annað sé samið á milli aðila.

8.3. Uppfærslusamningar

Viðskiptavinur á ekki sjálfkrafa rétt til uppfærslna og yfirfærslur í nýjar útgáfur af hugbúnaði, en aðilar geta samið um slíkan rétt gegn greiðslu. Vinna og þjónusta af hálfu Advania við uppfærslur er ekki innifalinn í uppfærslugjöldum nema um slíkt sé sérstaklega samið. Fyrir slíka vinnu verður gjaldfært í samræmi við gjaldskrá Advania eins og hún er á hverjum tíma. Uppfærslugjöld eru háð breytingum í samræmi við ákvæði 4.6 í viðskiptaskilmálum þessum, nema um annað sé samið á milli aðila.

Um uppsögn á uppfærslusamningi fer samkvæmt ákvæði 3.3 og 3.4 í viðskiptaskilmálum þessum. Segi viðskiptavinur upp uppfærslusamningi afsalar hann sér þar með nýtjaleyfi að nýjum útgáfum hugbúnaðar og uppfærslum sem út kunna að koma eftir að uppsögnin gengur í gildi. Þá afsalar viðskiptavinur sér einnig mögulegum rétti til leiðréttingar á villum sem upp kunna að koma eftir að uppsögn tekur gildi. Með uppsögninni afsalar viðskiptavinur sér ekki nýtjaleyfi á hugbúnaði eins og hann er þegar uppsögnin tekur gildi.

Advania lofar ekki ákveðinni tíðni nýrra útgáfa af hugbúnaði.

9. Sala á vélbúnaði

Við kaup viðskiptavinar á einkatölvu eignast viðskiptavinur afnotarétt á stýrihugbúnaði og forritapökkum. Engin önnur réttindi til stýrihugbúnaðar eða forritapakka flytjast til viðskiptavinar. Við kaup aðila í atvinnurekstri á vélbúnaði fylgja ekki gagnagrunnsleyfi eða notkunarleyfi fyrir upplýsingakerfi eða annan hugbúnað með í kaupum nema um slíkt sé sérstaklega samið í samningi aðila.

Hafi vélbúnaður verið seldur í reikningsviðskiptum telst hann eign Advania þar til hann hefur verið að fullu greiddur.

9.1. Skil á vélbúnaði

Vélbúnaði er einungis hægt að skila í vörufreiðslu Advania og ber kaupandi ábyrgð á að kreditreikningur og/öð mottökuvittun sé í samræmi við vöruskil. Vélbúnaði fæst aðeins skilað ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- Vélbúnaðurinn er sannalega gallaður;
- allar handbækur, fylgihlutir, fylgigögn og umbúðir fylgja með í upprunalegu ástandi. Vélbúnaðurinn er algjörlega í upprunalegu ásigkomulagi án sjáanlegra skemmda;
- innan við 30 dagar eru frá afhendingu vörunnar eða uppgötvunar galla, ef kaupandi vélbúnaðar sýnir fram á að galli hafi uppgötvast síðar;
- sérþöntuðum vélbúnaði fæst ekki skilað nema vélbúnaðurinn sé verulega gallaður; og
- vélbúnaði á kaup-, fjármögnunar- eða rekstrarleigu fæst aðeins skilað í samræmi við ákvæði viðkomandi samnings um slíkt viðskipti.

Ef vélbúnaður er endursendur til Advania skal viðskiptavinur nota upprunalegar umbúðir eða aðrar fullnægjandi umbúðir til að tryggja að vélbúnaður skemmist ekki í flutningum. Einnig skal viðskiptavinur tryggja vöruna gegn flutningsskemmdum ef unnt er. Viðskiptavinur ber ábyrgð á vörunni frá því hún er send og þar til seljandi hefur móttekið hana, þ.m.t. skemmdum, hvarfi vörunnar eða eyðileggingar hennar.

10. Skyldur og ábyrgðir viðskiptavina

Viðskiptavinur skal gera Advania kleift að sinna þeim hluta þjónustunnar sem fram fer á vinnustað viðskiptavinar. Vanræki viðskiptavinar þá skyldu sína ber Advania ekki ábyrgð á vandamálum sem upp koma á vinnustað viðskiptavinar.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á leiðbeiningum og fyrirskipunum sem hann og/öð eftir atvikum starfsmenn hans gefa Advania. Þá ber viðskiptavinur ábyrgð á réttmæti upplýsinga sem hann og/öð eftir atvikum starfsmenn hans veita Advania.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að notkun hugbúnaðar brjóti ekki gegn lögum eða réttindum annarra.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef hvers kyns búnaður í eigu Advania sem hann hefur til umráða, skemmist eða eyðileggst.

11. Skyldur og ábyrgð Advania

Advania ber ábyrgð á að þjónusta og búnaður sé fullnægjandi og í samræmi við samning aðila. Ábyrgð er þó almennt háð því að notkun sé í samræmi við lýsingarkröfur framleiðanda. Ef viðskiptavinur telur að þjónusta og/öð búnaður sé ekki í samræmi við samning aðila og/öð lýsingarkröfur framleiðanda skal kvörtun um slíkt beint að Advania. Ef vankantar á búnaði og/öð þjónustu er ekki að rekja til atvika er varða Advania er Advania heimilt að innheimta þann kostnað sem hlaut af því að reyna að bæta úr vanköntunum.

Í viðskiptum Advania við aðila í atvinnurekstri er ábyrgðartími búnaðar og þjónustu 12 mánuðir. Sé um neytendakaup að ræða, þ.e. kaup aðila utan atvinnurekstrar, er ábyrgðartíminn 2 ár í samræmi við lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Ef ábyrgðartími skal vera annar en að framan greinir skal þess sérstaklega getið í samningi eða á sölureikningi.

Ef annað er ekki tekið fram í þessum skilmálum eða samningi á milli aðila, skal við mat á því hvort söluhlutur er gallaður miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flýst yfir til viðskiptavinar, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrir en síðar. Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmt eðli gallans eða vörunnar.

11.1. Sértek ákvæði um ábyrgð á þjónustu og hýsingu

Advania ber ábyrgð á að þjónusta sem veitt er sé fullnægjandi og í samræmi við samning aðila.

Advania ábyrgist ekki að afrit gagna á grundvelli afritunarsamninga sé alltaf fullkomin enda hefur Advania ekki möguleika á að sannreyna afrit nema sérstaklega sé um það samið.

Advania ber ábyrgð á vélbúnaði, sem fellur undir samning á milli aðila, á meðan hann er í vörslu starfsmanns Advania. Þessi ábyrgð gildir þar til áhættuskripti fara fram í samræmi við ákvæði 5 í þessum skilmálum og gildir jafnt um nýjan vélbúnað og vélbúnað sem Advania er með til viðgerðar eða vistunar.

Advania ber ekki ábyrgð á afleiðingum sem rekja má til slits á vélbúnaði eða bilunum á t.d. hörðum diskum og/öð öðrum vélbúnaði frá viðskiptavini sem Advania hýsir eða þjónustar.

Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna gagnataps, niðritíma búnaðar eða töfum vegna þjónustunnar, nema tjón verði rakið til ásetninga eða stórkostlegs gáleysis Advania eða starfsmanna Advania.

Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur eða þriðji aðili sem ekki er á vegum Advania veldur. Advania ber ekki ábyrgð á töfum, skaða, niðritíma eða svartíma þriðja aðila.

11.2. Sértek ákvæði um ábyrgð á hugbúnaði

Advania ábyrgist að uppsetning á stöðluðum hugbúnaði virki eins og við má búast, í samræmi við kynningarefni hugbúnaðarins, fyrir þá útgáfu

hugbúnaðarinn sem í boði er á þeim tíma sem salan fer fram og með þeim vélbúnaði, stýrikerfi og öðrum kerfishugbúnaði sem tilgreint er.

Í þeim tilvikum þar sem Advania er endursöluaðili hugbúnaðar gilda þær ábyrgðartakmarkanir sem eigandi hugbúnaðar hefur sett svo framarlega sem slíkar takmarkanir stangast ekki á við íslensk lög. Notendaskilmálar hugbúnaðar teljast samþykktir við opnun og uppsetningu hugbúnaðarinnar í fyrsta sinn.

Ábyrgð tryggir ekki að hugbúnaður verði laus við allar truflanir eða villulaus. Á líftíma hugbúnaðarinnar mun reynast nauðsynlegt að fylgja leiðbeiningum framleiðanda um uppfærslur. Ef úrlausn vandamáls felst í því að fylgja leiðbeiningum framleiðanda sem aðgengilegar eru almenningi mun vinna vegna þess ekki falla undir ábyrgð og er þá innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Ef viðskiptavinur óskar eftir þá setur Advania upp og prófar hugbúnað á búnaði viðskiptavinar. Viðskiptavinur greiðir fyrir slíka uppsetningu og prófanir skv. gjaldskrá hverju sinni, nema um annað sé sérstaklega samið. Kjósi viðskiptavinur að setja upp og prófa hugbúnað sjálfur þá ber Advania ekki ábyrgð á tjóni eða vandkvæðum sem rekja má til uppsetningar og prófana viðskiptavinar.

Notkun hugbúnaðarinnar er á ábyrgð viðskiptavinar og tekur Advania enga ábyrgð á að hugbúnaðurinn sé ætlaður til tiltekinnar nota eða vinni í eða með tilteknu umhverfi hug- eða vélbúnaðar að öðru leyti en tilgreint er í samningi. Ábyrgð Advania á hugbúnaði fellur niður ef þriðji aðili gerir breytingar á tækniumhverfi, gagnagrunni eða hugbúnaði viðskiptavinar án þess að skriflegt samþykki Advania liggi fyrir slíkum breytingum.

11.3. Sértek ákvæði um ábyrgð á vélbúnaði

Advania ábyrgist að vélbúnaður sem seldur er viðskiptavini virki sem skyldi á afhendingardegi og á ábyrgðartíma vélbúnaðarinnar.

Sölureikningur telst ábyrgðarskráinni og skal framvísa honum til staðfestingar á ábyrgð.

Notaður vélbúnaður, sem seldur er sem slíkur, nýtur ekki ábyrgðar nema um það sé samið sérstaklega.

Ábyrgð Advania tekur aðeins til verksmiðjuggalla sem sannanlega koma fram í vörinni á ábyrgðartímanum. Tilvist galla skal tilkynna strax og hans verður vart. Reynist vélbúnaðurinn hafa verið gallaður við afhendingu eða tilkynni viðskiptavinar Advania um gallaðan vélbúnað innan fyrrgreindra tímáfresta, skal Advania bæta úr gallanum á eigin kostnað.

Ábyrgð á rafhlöðum er eitt ár nema samið sé um annað.

Advania áskilur sér rétt á að skipta út vélbúnaði sem bílar á ábyrgðartíma með eins eða sambærilegri vöru ef upp kemur að varahlutur sé ekki hægt að fá frá framleiðanda vörunnar. Þá geta við ábyrgðarviðgerðir verið notaðir íhlutir úr öðrum vörum sambærilegri við nýja eða sem hafa verið í óverulegri notkun. Ábyrgðin veitir ekki rétt til að krefjast nýrrar vöru í stað þeirrar bíluðu.

Ef setja þarf inn stýrikerfi eftir viðgerð á tölvu, er það gert samkvæmt staðli Advania um grunnuppsetningu stýrikerfis, þ.e.a.s. án sértekra stillinga í uppsetningu.

Ábyrgð Advania á vélbúnaði og réttur viðskiptavinar til þess að fá endurgreiddan viðgerðarkostnað fellur niður ef eitthvað af eftirfarandi atvikum eiga við:

- leiðbeiningum framleiðanda vélbúnaðar og Advania um hirðu, notkun, álag, íhluti eða viðhald er ekki fylgt;
- verksmiðjunúmer hefur verið fjarlæggt;
- bilun eða skaða má rekja til illrar eða rangrar meðferðar, raka- eða höggskemmda, rangrar uppsetningar, slægs viðhalds, slysa eða óhappa;
- vélbúnaðurinn er orðinn slitinn af notkun;
- viðgerð eða tilraun til viðgerðar hefur verið gerð af öðrum en starfsmönnum Advania;
- óviðkomandi aðili hefur opnað eða átt við vélbúnað, breytt honum eða bætt við hann á einhvern hátt;
- átt hefur verið við vélbúnaðinn þannig að skemmd hefur hlotist af;
- ábyrgðarinnsgli hefur verið rofið (á við um vélbúnað sem hefur ábyrgðarinnsgli);
- bilun eða skaða má rekja til þess að vélbúnaður hafi verið tengdur við ranga rafspennu, breytinga á veituspennu eða rafmagnstruflana og annarra utanaðkomandi áfalla sem búnaðurinn verður fyrir;

- bilun eða skaði stafar af rangri tengingu við rafkerfi eða netkerfi;
- bilun má rekja til óhæfra umhverfisþátta, svo sem ryks, hita- eða rakastigs; eða
- bilun stafar af vöru og/eða þjónustu sem Advania ber ekki ábyrgð á.

Kaupi viðskiptavinur vélbúnað með fyrirfram uppsettum hugbúnaði gilda skilmálar framleiðanda um notkun og ábyrgð hugbúnaðarinnar frá því að viðskiptavinur tekur vélbúnaðinn í notkun. Advania ber ekki ábyrgð á uppfærslu á hugbúnaði í vélbúnaði nema bilunin stafi af vandamálum tengdum hugbúnaðinum.

Advania ber ekki ábyrgð á þeim gögnum sem kunna að vera vistuð í vélbúnaði.

Ef vélbúnaður er sendur til verkstæðis skal viðskiptavinur nota upprunalegar umbúðir eða aðrar fullnægjandi umbúðir til að tryggja að vélbúnaður skemmist ekki í flutningum. Einnig skal viðskiptavinur tryggja vélbúnaðinn gegn flutningsskemmdum ef unnt er. Viðskiptavinur ber ábyrgð á vélbúnaði frá því að hann er sendur og þar til Advania hefur móttengið hann, þ.m.t. skemmdum, hvarfi vélbúnaðar eða eyðileggingar hans.

Starfi vélbúnaður ekki í samræmi við lýsingarkröfur á ábyrgðartíma og Advania hefur ekki getað lagfært galla eða skipt út búnaðinum fyrir annan vélbúnað með hliðstæðri vinnslugetu innan sanningjars tíma, á viðskiptavinur rétt á að skila vélbúnaðinum til Advania og fá söluverðið endurgreitt.

12. Almennar ábyrgðartakmarkanir

Ábyrgð á hvers kyns búnaði gildir aðeins á Íslandi. Ábyrgð á þjónustu gildir þar sem þjónustan er veitt. Öll þjónusta sem tengist hýsingu í gagnaverum Advania skal álitin veitt hér á landi.

Advania ábyrgist ekki tiltekinn árangur af notkun vöru og/eða þjónustu. Viðskiptavinur á engar kröfur á hendur Advania vegna eiginleika eða skorts á eiginleikum hins keypta, enda hafði hann möguleika á að kynna sér eiginleika og takmarkanir hins keypta með lestri leiðbeininga eða lýsinga sem fylgja hinu keypta eða eru almennt aðgengilegar, t.d. á vefsíðu Advania eða framleiðanda hins keypta.

Ábyrgð nær ekki til vinnu ef óskað er eftir viðgerð utan auglýsts afgreiðslutíma.

Ábyrgð nær ekki til aukakostnaðar, t.d. aksturs og ferðatíma ef óskað er eftir viðgerð utan verkstæðis Advania.

Ábyrgð nær ekki til kostnaðar sem hlýst af breytingum annarra en starfsmanna Advania á vélbúnaði eða uppsetningu stýrikerfis.

Ábyrgð nær ekki til kostnaðar vegna endurheimtu gagna eða enduruppsetningu notendahugbúnaðar.

Eðlilegt slit á rekstrarvörum bættist ekki s.s. á rafhlöðum fartölva, enda ending þeirra í samræmi við það sem búast má við.

Viðskiptavini er óheimilt nema að fengnu samþykki Advania að fá þriðja aðila til að sinna þjónustu er varðar þá þjónustubætti sem samningur fjallar um. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur eða þriðji aðili sem ekki er á vegum Advania veldur. Advania ber ekki ábyrgð á töfum, skaða, niðritíma eða svartíma þriðja aðila. Advania ber eingöngu ábyrgð á beinu tjóni viðskiptavinar sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af galla á vörinni. Advania ber í engu tilvikum ábyrgð á rekstrartapi viðskiptavinar og/eða þriðja aðila, né heldur afleiðdu tjóni slíkra aðila, þ.m.t. glötuðum ágóða eða ráðgerðum sparnaði, hvort sem tjónið er rakið til galla, skemmda eða eyðileggingar á hinu keypta eða til annarra ástæðna, jafnvel þó að Advania hafi verið tilkynnt um möguleikann á slíku tjóni.

Að öðru leyti en fram kemur í þessum skilmálum undanskilur Advania sig ábyrgð á öllu tjóni sem verður á persónum, fasteignum og lausafé og kann að stafa af búnaði eða þjónustu sem Advania hefur útvegað eða veitt, nema tjón verði rakið til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings Advania og tjón sé sennilega afleiðing af þeirri háttsemi.

Után þess sem greinir í skilmálum þessum skal ábyrgð Advania vegna hvers konar mistaka, villna, vanrækslu, truflana, tafa, tjóns eða galla á þjónustu, hugbúnaði eða vélbúnaði sem verður í tengslum við samning aðila, takmarkast við jafnvirði þeirrar þóknunar sem viðskiptavinur hefur sannanlega greitt til Advania fyrir þá tilteknu þjónustu, hugbúnað eða

vélbúnað sem tjónið tengist á síðustu þremur mánuðum fyrir það atvik sem orsakaði umrætt tjón.

13. Skaðleysi

Viðskiptavinir skuldbinda sig til að fara að landslögum og opinberum stjórnvaldsákvörðun. Þá skuldbinda viðskiptavinir sig til að virða réttindi þriðja aðila og brjóta ekki gegn slíkum réttindum, hvort sem um er að ræða höfundarrétt, eignarrétt, nýtingarrétt eða hvers kyns annars konar réttindi. Komi til brota samkvæmt framansögðu sem veldur Advania með einhverjum hætti tjóni skuldbinda viðskiptavinir sig til þess að halda Advania að fullu skaðlausu gegn slíku tjóni. Skyldur viðskiptavinar til að halda Advania skaðlausu í slíkum tilfellum gildir ekki ef Advania hefur með einhverjum hætti stuðlað að brotum viðskiptavinar.

Komi fram krafa gagnvart viðskiptavini frá þriðja manni um að vara brjótí gegn réttindum hans mun Advania halda viðskiptavini skaðlausum af slíkri kröfu að því tilskildu að viðskiptavinur tilkynni Advania um kröfuna strax og honum er kunnugt um hana og veiti því rétt til að ákvarðanatöku um hana. Veiti viðskiptavinur Advania rétt til ákvarðanatöku um slíka kröfu tekur Advania ákvörðun um hvort það breytir vörinni, útvegar viðskiptavini aðra sambærilega vöru eða semur við þriðja aðila um leyfi til að notkun á vörinni.

Skyldur Advania samkvæmt þessari grein gilda ekki ef viðskiptavinur heldur áfram notkun vöru eftir að Advania hefur boðið úrbætur samkvæmt framansögðu eða ef brot eða ætlað brot er afleiðing þess að hann hefur breytt vörinni eða notað hann á eða með öðrum búnaði sem ekki fellur að skilmálum samnings.

14. Óviðráðanleg atvik - Force Majeur

Hvorki Advania né viðskiptavinir þess eiga rétt til skaðabóta á hendur gagnaðila þegar vanefndir orsakast af óviðráðanlegum eða ófyrirséðum atvikum sem ekki eru til staðar við samningsgerð, svo sem vinnudeilum, styrjöldum, uppreisnum, náttúruhamförum, aðgerðum stjórnvalda á sviði gjaldveyr- og viðskiptamála, breytingum stjórnvalda á lögum og reglugerðum, viðskiptabönnum, hafnbönnum, almennum samgönguhindrunum, orkuskortum og sambærilegum óviðráðanlegum atvikum í samskiptum við undirverktaka.

15. Hugverkaréttur

Í þeim tilvikum þar sem Advania selur eigin hugbúnað þá er Advania eigandi og einkaréttarhafi að höfundarétti og hvers kyns öðrum réttindum á sviði hugverka og auðkennaréttar, hvort sem um er að ræða vörumerkjarétt, hönnunarrétt, einkaleyfisrétt, eignarrétt að atvinnuleyndarmálum, sérþekkingu (e. know-how) eða önnur réttindi, hvaða nafni sem þau kunna að nefnast er lúta að hugbúnaðnum. Sama gildir um allar síðari viðbætur við hugbúnaðinn sem Advania leggur til eða öðlast með framsali.

Í þeim tilvikum þegar Advania er endursöluaðili þá er sá aðili, er veitir Advania réttindi til endursölu, eigandi að höfundarétti og hvers kyns öðrum réttindum á sviði hugverka- og auðkennaréttar, hvort sem um er að ræða vörumerkjarétt, hönnunarrétt, einkaleyfisrétt eða önnur réttindi, hvaða nafni sem þau kunna að nefnast er lúta að hugbúnaðnum í samræmi við skilmála eiganda sem gilda um hugbúnaðinn.

Samningur felur ekki í sér framsal slíkra réttinda að öðru leyti en því sem beinlínis er tekið fram í samningi. Samningur felur ekki í sér nýjaleyfi til vörumerkja sem notuð eru fyrir hugbúnaðinn eða einstaka hluta hans. Þá er höfundaréttur Advania að þeim kerfishlutum sem Advania leggur til ekki framseldur til viðskiptavinar með samningi. Hið sama skal eiga við um allar breytingaruppfærslur og nýjar útgáfur á kerfum Advania, nema viðskiptavinur hafi lagt verulega til gerðar þeirra.

Forrit, hugbúnaður, hugverk, staðlar og annað því um líkt, sem hefur verið þróað eða útbúið á grundvelli samvinnu og jafnra framlaga beggja samningsaðila, öðlast báðir samningsaðilar réttindi til hinna þróðu afurða. Báðum samningsaðilum er frjálst að selja og nota með hvaða hætti sem er hina þróðu afurð til þriðja aðila að því tilskildu að engar trúnaðarupplýsingar varðandi gagnaðilann verði opinberaðar.

Öll réttindi til forrita, hugbúnaðar, hugmynda, staðla og annarra afurða sem alfarið hefur verið unnið, hannað og þróað á grundvelli framlags annars samningsaðila er eign þess aðila nema um annað sé samið sérstaklega.

Advania er heimilt að endurnota allar hugmyndir, hugverk, sérþekkingu og aðferðir sem stafa af þeirri þjónustu sem innt er af hendi og

verkefnaviðaukum hans sem Advania hefur þróað eða útbúið í samvinnu við viðskiptavin.

Advania staðfestir og ábyrgist að félagið sé og verði réttur eigandi og/eða leyfishafi að þeim þáttum kerfis og einstökum hlutum þess sem Advania veitir viðskiptavini afnotarétt (nykjaleyfi) að, sem og gagnvart hugverkaréttindum og skyldum réttindum þriðja aðila að þeim búnaði og gögnum sem kerfið geymir hverju sinni, þ.m.t. hugbúnaði og trúnaðarupplýsingum, sem nú eða síðar kunna að tengjast kerfinu.

Skapist óvissa um réttindi yfir hugbúnaði skal Advania ákveða hvort félagið breytir hugbúnaðinum, útvegar viðskiptavini annan sambærilegan hugbúnað eða semur við þriðja aðila um leyfi til að nota hugbúnaðinn á meðan deila stendur yfir. Skyldur Advania samkvæmt þessari grein gilda ekki ef viðskiptavinur heldur áfram notkun hugbúnaðarins eftir að Advania hefur boðið úrbætur samkvæmt framansögðu eða ef brot eða ætlað brot er afleiðing þess að hann hefur breytt hugbúnaðinum eða notað hann með öðrum búnaði sem ekki fellur að skilmálum samnings.

Hugbúnað í eigu Advania er óheimilt að endurleigja eða lána til þriðja aðila með eða án endurgjalds.

16. Vanefndir og vanefndaúrreði

Til vanefnda af hálfu viðskiptavinar og Advania teljast hvers kyns brot á skilmálum þessum og samningum á milli Advania og viðskiptavinar, þar með talið hvers kyns greiðsluréttur. Advania áskilur sér rétt til að hætta að veita og eftir atvikum loka þjónustu og krefjast opnunargjalds ef opna á fyrir hana á nýjan leik 14 dögum eftir tilkynning um vanefnd hefur verið send viðskiptavini.

Við greiðslurétt áskilur Advania sér rétt til að reikna dráttarvexti á útistandandi fjárhæð frá eindaga til greiðsludags í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þá leggst greiðslu og tilkynningargjald á útistandandi fjárhæðir.

Til verulegra vanefnda af hálfu viðskiptavinar teljast eftirfarandi:

- Greiðsluréttur sem varir í meira en 30 daga frá því að greiðsluáskorun hefur verið send.
- Vanefnd sem varir í meira en 30 daga frá dagsetningu skriflegrar tilkynningar frá Advania um efnisatriði máls.
- Brot á ákvæði 7.1 og 7.2 í skilmálum þessum.
- Ef viðskiptavinur notar búnað með öðrum hætti en notunarskilmálar eða aðrar útfærnar leiðbeiningar um meðferð hans kveða á um;
- Ef viðskiptavinur notar búnað umfram það sem umsamið er í samningi; eða
- Ef aðrir en starfsmenn Advania hafa án undanfarandi samþykkingu Advania veitt búnaði þjónustu.

Ef um verulega vanefnd af hálfu viðskiptavinar er að ræða áskilur Advania sér rétt til að grípa til eftirfarandi ráðstafana án sérstakrar viðvörunar, saman eða sitt í hvoru lagi:

- Einhliða riftunar samnings;
- Taka hugbúnað í sína vörslu eða gera hann ónothæfan;
- Innheimta allar gjaldfallnar og ógjaldfallnar greiðslur; eða
- Beita öðrum vanefndaúrreðum eftir því sem við á.

Rifti Advania samningi skal viðskiptavinur þegar í stað hætta öllum notum á hugbúnaði og afmá hann af öllum vélbúnaði viðskiptavinar. Skulu öll gögn er tilheyra hugbúnaðinum afhent tafarlaust til Advania.

Viðskiptavini er heimilt að rifta samningi ef um verulega vanefndir Advania er að ræða sem varað hafa í 60 daga og Advania hefur ekki bætt úr þrátt fyrir formlega áskorun viðskiptavinar.

17. Gjaldþrot

Samningur fellur sjálfkrafa úr gildi við gjaldþrot annars hvors samningsaðila. Verði öðrum samningsaðila veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til nauðasamningsumleitana við lánardrottina sína er uppsagnarfrestur gagnaðila samnings þessa einn mánuður þar til fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi aðila er formlega lokið. Verði viðskiptavini veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til nauðasamningsumleitana við lánardrottina sína getur Advania krafist þess að sett verði trygging fyrir efndum samnings á því tímabili sem fjárhagsleg endurskipulagning viðskiptavinar stendur yfir. Verði ekki orðið við slíkra kröfu getur Advania rift samningnum.

18. Upplýsingaöryggi og trúnaðarskyldur

Í þeim tilfellum þar sem persónulegar upplýsingar eru skráðar t.d. vegna starfsúmsókna, pantana eða beiðna um frekari upplýsingagjöf, þar sem viðskiptavinur þarf að skrá nafn sitt, heimilisfang, tölvupóstfang eða aðrar persónutengdar upplýsingar, skuldbindur Advania sig til þess að fara að lögum nr. 77/200 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og varðveita framangreindar upplýsingar á öruggan og tryggan hátt og ekki miðla á nokkurn hátt upplýsingum sem skráðar hafa verið í ofangreindum tilgangi til þriðja aðila án samþykkis viðkomandi aðila eða í kjölfar dómsúrskurðar.

Advania skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi gögn og málefni sem því verður kunnugt um viðskiptavin og skjólstæðinga hans.

Samningur á milli aðila er trúnaðarmál og skal því aðeins dreift til þeirra sem hafa með framkvæmd hans að gera og aðeins að því marki sem nauðsynlegt er.

Starfsmenn Advania undirrita heit um trúnaðarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptavina Advania sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum viðskiptavinar eða edli máls. Helst trúnaðarskylda eftir að samningi er lokið.

Viðskiptavinur er bundin trúnaðarskyldu um málefni Advania sem hann fær vitneskju um vegna framkvæmdar samnings og helst trúnaðarskylda eftir að samningi er lokið.

Advania kann að vera skylt samkvæmt lögum eða dómsúrskurði að verða við kröfu yfirvalda um afhendingu gagna viðskiptavina í hýsingu, afhendingu upplýsinga sem varða viðskiptasamband við viðskiptavin eða aðgang að vélbúnaði í hýsingu. Komi upp slíkt tilvik skal Advania án tafar upplýsa viðskiptavin sem málið. Kostnaður sem fellur á Advania vegna aðgerða yfirvalda gagnvart viðskiptavinum telst vera aukaverk og greiðir viðskiptavinur fyrir slíka vinnu samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni.

19. Persónuvernd

Að svo miklu leyti sem samningur kann að taka til vinnslu persónuupplýsinga fyrir viðskiptavin telst Advania vera vinnsluaðili og viðskiptavinur ábyrgðaraðili í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Við slíka vinnslu er vinnsluaðila einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg. Skyldur ábyrgðaraðila samkvæmt fyrrgreindum lögum gilda einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast.

20. Eftirlitsskyldir aðilar

Ef viðskiptavinur er eftirlitsskyldur aðili í skilningi laga um starfsemi eftirlitsskyldra aðila er tryggður réttur til eftirlits með starfsemi Advania sem samningur tekur til. Í því skyni skal Advania halda lista yfir þá starfsmenn sem hafa aðgang að upplýsingum viðskiptavinar, ásamt upplýsingum um það tímabil sem viðkomandi starfsmaður hafði aðgang að upplýsingunum og greina þar allar breytingar sem verða á aðgangi. Tryggt skal að ekki hafi fleiri starfsmenn aðgang að upplýsingum um viðskiptavin en nauðsynlegt er. Skal aðgangur starfsmanna Advania vera persónugreinanlegur. Ekki er heimilt að samnýta kerfisstjóraaðgang. Listinn skal aðgengilegur fyrir viðskiptavin á hvaða tíma sem er.

Ef viðskiptavinur er eftirlitsskyldur aðili í skilningi laga um starfsemi eftirlitsskyldra aðila er Advania skylt að láta eftirlitsaðilum í té upplýsingar og gögn um viðskiptavin sem Advania hefur til vistunar í tengslum við eftirlit og athuganir mála. Advania skal ekki veita eftirlitsaðila aðgang að upplýsingum og gögnum um viðskiptavin nema krafa byggji á lögum, dómsúrskurði eða á samþykki viðskiptavinar. Komi fram réttmæt krafa um aðgang að upplýsingum og gögnum skal Advania tryggja eftirlitsaðila aðgang að umræddum gögnum og að athugun geti farið fram á vinnustöð Advania. Skal eftirlitsaðili bera kostnað Advania af þeirri vinnu sem hlýst af öflun gagna í samræmi við gjaldskrá Advania hverju sinni. Berist Advania beiðni um afhendingu gagna skal hann upplýsa viðskiptavin svo fljótt sem verða má þannig að viðskiptavinur geti gripið til viðeigandi ráðstafana telji hann beiðni eftirlitsaðila ekki byggja á lögum eða dómsúrskurði.

21. Varðveisla gagna og aðrar skyldur við lok samnings

Advania varðveitir ekki gögn viðskiptavinar eftir að gildistíma samnings er lokið eða honum hefur verið sagt upp af öðrum orsökum. Hvíli skylda á viðskiptavini að varðveita gögn á grundvelli ákvæða laga eða samninga, eins og t.d. varðveisla bókhaldsgagna á grundvelli laga um bókhald, sem

Advania hefur haft til varðveislu skuldbindur viðskiptavinur sig til þess að varðveita sjálfur eintök af þeim gögnum. Advania ber ekki ábyrgð á að varðveita umrædd gögn fyrir hönd viðskiptavinar eftir samningslok.

Við lok samnings skulu viðskiptavini afhent leyfi og forrit sem hann sannarlega átti við upphaf samningsins og önnur leyfi og forrit sem hann hefur keypt á þjónustutíma, nema um annað hafi verið samið.

Við lok samnings skal viðskiptavinur afhenda Advania vélbúnað og annan búnað eða leyfi í eigu Advania sem viðskiptavinur hefur haft til umráða.

Öll vinna sem Advania sinnir vegna samningsloka er unnin í tímavinnu.

22. Framsal réttinda

Viðskiptavinur getur ekki framselt réttindi sín samkvæmt samningi án skriflegs samþykkis Advania.

23. Lög og varnarþing

Íslensk lög skulu gilda um viðskiptaskilmála þessa, samninga og eftir atvikum tilboð sem Advania gerir við viðskiptavini sína. Ágreining um framkvæmd samnings skulu Advania og viðskiptavinur leitað við að leysa með samkomulagi. Ef ekki næst samkomulag skulu ágreiningsmál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Heimilt er að vísa ágreiningi til gerðardóms ef báðir aðilar eru því samþykkir og skulu lög nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma gilda um málsmeðferð fyrir gerðardómi.